

HAFNARFJARÐARBÆR



[www.hafnarfjordur.is](http://www.hafnarfjordur.is)

**14. fundur** Starfshóps um deiliskipulag miðbæjar, þann 11.okt. 2019 í Bæjarrással við Strandgötu kl. 08:30.

**Starfshópur.**

Ágúst Bjarni Garðarsson, fulltrúi meirihluta og formaður  
Lovísa Traustadóttir, fulltrúi meirihluta  
Jón Ingi Hákonarson, fulltrúi minnihluta  
Kári Eiríksson, fulltrúi íbúa.  
Sigríður Margrét Jónsdóttir, fulltrúi fyrirtækja  
Guðmundur Bjarni Harðarson, fulltrúi frá Markaðsstofu Hafnarfjarðar

Forföll:

Helga Stefánsdóttir, forstöðumaður Hfj.

**Með starfshópnum starfa:**

Helga Stefánsdóttir, forstöðumaður Hfj.  
Þormóður Sveinsson, skipulagsfulltrúi Hfj.  
Gunnþóra Guðmundsdóttir, arkitekt Hfj.

Eftirfarandi var tekið fyrir.

**1. Ábendingar og athugasemdir sem bárust vegna draga að skýrslu starfshóps.**

Starfshópnum ber ekki að svar athugasemdum þar sem ekki er um eiginlega auglýsingu er að ræða á drögum skýrslunnar. Ábendingar og athugasemdir munu rata í skýrsluna. Skýrslan verður hluti að forskrift fyrir deiliskipulagið. Hafa verður í huga að Hafnarfjarðarbær er einnig skuldbundinn SSH (svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins) þar sem ýmsir þættir fléttast inn

Áhugi er á að halda annan íbúafund þar sem farið verði yfir helstu þætti sem fram hafa komið frá íbúum.

Varpað er fram þeirri spurningu hvort teiknistofa sem ekki á tillögu nú þegar skuli koma að gerð deiliskipulagsvinnunnar?

Gagnrýni hefur verið á að ekki sé farin sú leið að halda opna hugmyndasamkeppni. Setja þarf fram rökstuðning hvers vegna fallið hefur verið frá þeirri aðferð.

ÞS og GþG fara yfir athugasemdir og fara yfir skýrslu með þær að leiðarljósi.

Fleira var ekki rætt á fundi. Fundi slitið kl.10:25.